

Stjórnarfundur TSÍ 25.09.08

Mættir: Ingólfur, Skjöldur, Raj, Gunnar

1. Ræddur var fundartími TSÍ og sýndist sitt hverjum. Ýmsar tillögur komu fram. Gunnar kom með tillögu um að hafa fundi á morgnana fyrir vinnu. T.d. kl. 7:30 eða 8:00. Þá komist kannski allir og geti þá farið fyrir af fundi ef það hentar. Skjöldur nefndi að kannski væri best að dreyfa þessu eitthvað svo allir geti verið sáttnir. Hafa fundi bæði í hádeginu og á kvöldin, eftir atvikum. Þótt ekki komist alltaf meðlimir TSÍ á fundi geti vel verið fundarfært. Það hafi reynslan sýnt. Menn voru sammála um það að þeir sem á annað borð ætla sér að sinna félagsmálum líkt og nefndarstörf fyrir TSÍ eru verði að hafa það í forgangi, eins og kostur er. Í þeirri veröld sem við lifum eru allir meira og minna uppteknir og því verður vandfundinn sá tími sem hentar öllum.
2. Ræddar voru æfingar fyrir afreksfólk í tennis. Gunnar nefndi að rétt væri að hafa æfingar tvisvar í viku fyrir okkar bestu spilurum sem hér búa. Þetta verði lagt upp af TSÍ og undir stjórn landsliðsþjálfara. Mikil áhersla verði lögð á að menn mæti vel. Hringt var í Jónas sem taldi mögulegt að hafa æfingar snemma á sunnudagsmorgnum og á fimmtudagsmorgnum. Raj tók að sér að boða hópinn á fyrstu æfinguna sem verður næsta sunnudag. Eftir æfinguna stendur til að fá landsliðsfólkið á fund hjá Gunnari þar sem ræddar verða tillögur um það hvernig landsliðsæfingum verði best farið. Hugmyndin er að rætt verði við 6 drengi og 4 stúlkur um að mæta á þessar æfingar og sjá hver viðbrögð verða. Ekki var tekin ákvörðun um hver verði landsliðsþjálfari en Raj sem sagt fenginn til þess að koma þessu af stað.
3. Ingólfur kynnti skýrslu Íslandsmóts utanhúss árið 2008 frá Jóni Axel. Mjög áhugaverð skýrsla sem hann ætlar að senda öllum meðlimum TSÍ á tölvupósti. Óskar eftir viðbrögðum í framhaldinu.
4. Skjöldur tók að sér að senda tölvupóst til allra nefndarformanna og biðja þá um að manna nefndir. Telur heppilegt að 3 skipi hverja nefnd.
5. Síðan fóru fram frjálssar umræður um starf Raj sem framkvæmdastjóra TSÍ. Raj finnst málið ganga hægt og vill fá skýr svör sem fyrst. Til þess að svo megi verða þarf að skilgreina starfið og umfang þess auk þess að launamál þurfa að vera á hreinu. Ingólfur lagði áherslu á það að ekki sé hægt að greiða meira en tekjur eru, hverju sinni og var því sýndur skilningur. Raj sagðist vel skilja að aldrei verði hægt að greiða fyrir hverja stund sem unnin er. Menn voru sammála um að klára þetta mál sem allra fyrst, ekki síst til þess að hægt sé að styrka TSÍ til veglegri verka.
6. Skjöldur tók að sér að boða næsta fund.

Gunnar Þór Finnbjörnsson

ekki ritari TSÍ